



Sigríður Ingvarsdóttir
dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur

DÓMARASTARFIÐ OG MEÐFERÐ DÓMSVALDSINS

I. DÓMSVALDIÐ OG SKILGREININGAR Á ÞVI

Skilgreiningar á hugtakinu „dómsvald“ eru hvorki aðgengilegar né auðveldar viðfangs. Á þessu kunna að vera margar skýringar, en eflaust má segja að ein þeirra sé sú hve dómsvaldið hefur verið nátengt sögulegum og stundum flóknum þjóðfélagsaðstæðum. Þannig hefur dómsvald í nútímaskilningi iðulega verið á hendi manna sem jafnframt hafa farið með störf sem í dag myndu falla undir stjórnvaldsathafnir eða lagasetningu. Í upphafi hefur vísir að dómsvaldi væntanlega orðið til af þörf fyrir að leysa úr ákveðnum ágreiningsmálum sem komið hafa upp við aðstæður, sem ráða hefur þurft bót á, allt eftir þörfum, kröfum og þjóðfélagsskipan hvers tíma. Þörf ættarveldis fyrir hlutlausan aðila sem hefði það hlutverk að leysa úr deilum einstaklinga og ættbálka hefur til dæmis kallað á einhvers konar stofnun sem gæti farið með það hlutverk. Mótaðar hugmyndir um greiningu ríkisvaldsins og nauðsyn þess að dómstólar nytu sjálfstæðis gagnvart öðrum greinum valdsins komu hins vegar ekki fram fyrr en löngu síðar og þá einkum sem viðbrögð við vandamálum og stjórnskipulegum göllum einveldisins. Frá þessum tíma hefur dómsvaldinu í auknum

mæli verið ætlað það stjórnskipulega hlutverk að sjá til þess að aðrar greinar ríkisvaldsins færu að stjórnlögum auk þess að vera brjóstvörn borgaranna gagnvart ríkisvaldinu. Sú hugmynd að dómsvaldið skuli vera hjá sérstökum stofnunum sem sinni engu öðru en dómstörfum er engu að síður tiltölulega nýleg í sögulegu samhengi. Dómsvaldið hefur þannig orðið til við ákveðnar þjóðfélagsaðstæður og það hefur haldið áfram að þróast eftir því sem þarfir samfélagsins hafa breyst. Þar með verður dómsvaldið ekki skilgreint nema hið sögulega samhengi verði haft í huga svo og hugmyndafræðin sem til hefur orðið við ákveðnar aðstæður og þjóðfélagslega þörf fyrir nauðsynlegar úrbætur og viðeigandi lausnir á þeim stjórnskipulegu vandamálum sem um var að ræða hverju sinni. Þess vegna eru lagareglur ekki viðhlitandi heimild til þess að unnt verði með þeim að gera dómsvaldinu og meðferð þess nægileg skil og ekki verður heldur vísað eingöngu til þeirra í þeim tilgangi.

Meðferð dómsvaldsins verður jafnframt að skilgreina út frá kröfum réttarríkisins á hverjum tíma, en eins og kunnugt er verður ekki unnt að tala um raunverulegt réttarríki nema dómstólar starfi samkvæmt grundvallarhugmyndum sem kenningar um réttar-

rikið eru byggðar á. Nútímadómstólar hafa því þurft að aðlagast kröfum sem réttilega verða gerðar til þeirra og tengjast markmiðunum sem dómssvaldinu er ætlað að þjóna. Þess vegna verður einnig að hafa slíka aðlögun og nútímaþróun í huga við skilgreiningar á dómssvaldinu.

Þetta er alveg í samræmi við hugmyndafræðina sem starfsemi dómstólanna er reist á. Þróun dómssvaldsins samræmist einnig fyrirmælum í réttarfarslögum, en samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 hafa dómstólar vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Þannig er unnt að bera hvert það sakarefni undir dómstóla, sem lög og landsréttur ná til, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Þar sem löggjafinn ákveður hverju sinni hver lög eru í landinu, þar á meðal til hvers löggjöfin nær, hefur löggjafarvaldið áhrif á það hver mál verða borin undir dómstóla og þar með á valdsvið þeirra. Það getur því verið breytilegt, enda er það ákvörðunarefni á hverjum tíma og breytingum háð hver afskipti löggjafarvaldsins eru af hinum ýmsu og margbreytilegu sviðum þjóðlífsins. Því fleiri sviða sem löggjóf nær til þeim mun viðtækara verður dómssvaldið, þótt dómstólarnir starfi á sama lagagrundvelli og eftir sömu hugmyndafræði og áður, enda er réttarsviðið þar með orðið stærra og víðfeðmara. Það er því alls ekki dómstólanna sjálfra eða þeirra einna að ákveða valdsviðið og skilgreina það.

Dómssvaldið hefur tekið breytingum á síðustu árum, meðal annars vegna réttinda sem lögfest hafa verið með breytingum á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, lögum um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Aukin lagaleg réttindi borgaranna geta haft þau áhrif að fylgja þurfi slíkum réttindum eftir með því að krefjast úrlausnar um þau fyrir dómstólum.

Þar getur reynt á margvísleg álitamál, svo sem um stjórnarskrárvernduð réttindi og lögmæti stjórnarathafna, en dómstólar fara meðal annars með það hlutverk að skera úr um embættistakmörk yfirvalda samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta hefur leitt til þess að valdsvið dómstólanna hefur vikkast og áhrif þeirra hafa eflst þar sem þeir þurfa í auknum mæli að taka ákvarðanir um þessi réttindi, en dómssmálum hefur fjölgað þar sem því er haldið fram að lög fari í bága við stjórnarskrá, farið er fram á ógildingu stjórnarathafna eða krafist er skaðabóta vegna ólögmættra aðgerða stjórnvalda. Slíkar kröfur vikka óhjákvæmilega valdsvið dómssvaldsins.

Í nútímaþjóðfélagi eru jafnframt gerðar margvíslegar kröfur til dómstólanna sem ætlast er til að þeir uppfylli en virðast ekki hafa skipt jafn miklu máli áður. Þarfir viðskiptalífsins kalla til dæmis á að dómssvaldið uppfylli tiltekna kröfur sem samkeppni í alþjóðlegum viðskiptum gerir ráð fyrir. Þegar samkeppnishæfni hagkerfa og viðskiptalífsins er metin er meðal annars horft til þess hversu vel er staðið að skipan dómssvaldsins, sjálfstæði dómstóla, skilvirkni þeirra og öðrum atriðum sem hið alþjóðlega viðskiptaumhverfi nútímans krefst að dómstólarnir uppfylli. Mat á viðskiptalífi hvernar þjóðar getur skipt mjög miklu máli fyrir hagkerfið og samkeppnishæfni þess. Dómstólarnir verða því að uppfylla þessi skilyrði til að viðskiptalífið standist þennan samanburð og til að hagkerfið standi sem best að vígi í vaxandi samkeppni alþjóðlegra viðskipta. Við skilgreiningar á dómssvaldinu og meðferð þess verður að taka mið af þessum nútímakröfum.

Þrátt fyrir allt þetta hafa dómstólarnir sjálfir átt þátt í því að móta eigið valdsvið. Þeir hafa til dæmis mótað inntak reglunnar um að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Dómstólar geta enn fremur þurft að túlka og skýra lagareglur sem hafa óljóst inntak. Því ófullkomnari

sem lagasetning er þeim mun meira getur reynt á túlkun dómstólanna á lögum. Skilgreiningar, sem löginn sjálf hafa ekki að geyma, verða óhjákvæmilega, þegar það á við, að koma frá dómstólum.

Dómstólar hafa í úrlausnum sínum þurft að kveða á um réttindi sem ekki eru skilgreind nákvæmlega í lögum, en það á einkum við um ákvæði í stjórnarskrá. Má þar nefna Hæstaréttardóm 4. febrúar 1999 í máli nr. 177/1998: Ragna Kristín Guðmundsdóttir gegn Háskóla Íslands, sem fjallaði um jafnrétti til náms, en í Hæstarétti var háskólinn dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur vegna skorts á almennum fyrirætlum í sambandi við námsaðstoð og annað þar að lútandi, en í því var talin felast ólögmat meingerð gegn persónu stefnanda og frelsi hennar til menntunar.¹ Einnig má vísa til Hæstaréttardóms 6. maí sama ár í máli nr. 151/1999: Berglind Stefánsdóttir og Félag heyrnarlausra gegn Ríkisútvarpinu, sem kvað á um skyldu stefnda til að túlka á táknumáli framboðsumræður í sjónvarpi kvöldið fyrir kosningar til Alþingis um leið og þær færu fram² og til Hæstaréttardóms 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000: Tryggingastofnun ríkisins gegn Öryrkjabandalagi Íslands þar sem dæmt var að óheimilt hefði verið á ákveðnu tímabili að skerða tekjutryggingu örorkulífeyrisþega í hjúskap vegna tekna maka.³ Af þessum dómum má sjá hve mörkin milli löggjafarvalds og dómvalds geta verið óljós og að skilgreiningar á því hvar þau liggja verða þar með alls ekki skýrar.⁴

Túlkun á því hvort lög samrýmist stjórnarskrá getur verið vandasöm og úrlausn á því verður þar af leiðandi ekki endilega einhlit. Niðurstaðameirihlutadómendaísíðastnefnda dómnum er rökstudd á þann veg að tiltekin lagafyrirmæli í lögum um almannatryggingar tryggðu örorkulífeyrisþegum ekki þau

lágmarksréttindi sem fælust í 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, á þann hátt að þeir fengu notið þeirra mannréttinda sem 65. gr. hennar mælti þeim, svo sem það ákvæði verði skilið að íslenskum rétti, sbr. 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og 9. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Í sératkvæði tveggja dómenda var svo ekki talið vera, en þar er rökstutt að Alþingi hafi fyllilega verið innan valdheimilda sinna þegar það ákvað með umræddri lagagrein í almannatryggingalögum að tekjur maka gætu haft áhrif á tekjutryggingu öryrkja til lækkunar sem meirihlutinn taldi ekki samrýmast framangreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þessi úrlausn sýnir að lögfræðilegt mat á því hvort lög brjóti gegn stjórnarskránni þarf alls ekki að vera einhlit.

Þótt dómstólar skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda og hafi á þann hátt eftirlit með stjórnsýslunni mega þeir ekki hafa þannig afskipti af henni að slíkt hamli eðlilegri og skilvirkri stjórnsýslu, en góðir stjórnarhættir eiga að tryggja öryggi og festu. Þegar inngrip dómstólanna verður of víðtækt getur verið hætta á að það skerði virkni stjórnkerfisins. Áratugalangt verklag stjórnsýslunnar getur varðað mikilvæga almannahagsmuni og snert fjölda aðila, en skyndileg og óundirbúin breyting á því með úrlausn í dómsmáli einstaklings eða lögaðila gagnvart stjórnvaldi getur haft mjög víðtækar og áhrifaríkar afleiðingar. Skilgreiningar á valdmörkum dómstólanna verða að taka mið af þessu og dómstólarnir ættu að gæta þess að virða valdmörkin eftir því sem frekast er unnt, enda ætti það að efla traust til þeirra.

¹ Hæstaréttardómar 1999, bls. 390.

² Hæstaréttardómar 1999, bls. 2015.

³ Hæstaréttardómar 2000, bls. 4480.

⁴ Sjá t.d. í þessu sambandi Bent Christensen: Domstolene og lovgivningsmagten i Ugeskrift for Retsvæsen 1990, bls. 73 til 83.

II. SJÁLFTÆÐI OG HLUTLEYSI DÓMSVALDSINS

Í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 1. mgr. 8. gr. stjórn-skipunarlaganna nr. 97/1995, segir að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Í 1. mgr. 6. gr. Mann-réttindasáttmála Evrópu segir að þegar kveðið skuli á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök sem hann sé borinn um refsivert brot skuli hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhóllum dómstóli. Með þessum reglum er ætlunin að tryggja hinum almenna borgara og öðrum sem réttinda njóta viðhlitandi dómstólavernd. Í reglunum felst krafa um að leyst verði úr réttarágreiningi af hlutlausum og sjálfstæðum dómstólum.

Lagareglum um sjálfstæða dómstóla er ætlað að efla dómvaldið og tryggja hlutleysi þeirra, meðal annars í þeim tilgangi að tryggja réttaröryggið og nauðsynlega réttarvernd sem einstaklingum og öðrum er ætlað að njóta. Sama hlutverki þjóna ýmsar alþjóðlegar reglur og tilmæli. Má þar nefna grundvallar-reglur um sjálfstæði dómstólanna, Basic Principles on the Independence of the Judiciary, samþykktar á sjöundu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Milánó 16. ágúst til 6. september 1985, staðfestar á allsherjar-þinginu 29. nóvember sama ár, og tilmæli ráðherra nefndar Evrópuráðsins nr. R (94) 12 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómara, European Recommendation on the Independence, Efficiency and Role of Judges. Í grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna segir að sjálfstæði dómstóla skuli tryggt af ríkisvaldinu og varið af stjórnarskrá eða lögum lands. Í tilmælum ráðherra nefndarinnar segir að mælst sé til þess að ríkisstjórnir aðildarríkja geri allt

sem nauðsynlegt sé, og styrki það sem þegar hafi verið gert, til að vinna störfum einstakra dómara og dómkerfisins í heild framgang og treysta sjálfstæði þeirra og skilvirkni.

Í kröfunni um sjálfstætt dómvald felst meðal annars að dómari sé óháður í embættisverkum sínum. Við úrlausn máls ber honum að fara eingöngu eftir lögum en hann má ekki lúta boðvaldi annarra. Þessar reglur koma fram í 61. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 24. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 þar sem segir að dómara séu sjálfstæðir í dómstörfum og leysi þau af hendi á eigin ábyrgð. Fram kemur þar einnig að við úrlausn máls fari þeir eingöngu eftir lögum og lúti þar aldrei boðvaldi annarra. Með þessum reglum er lögð sú skylda á dómara að hann leysi úr málum án annarra fyrirmæla en þeirra sem koma fram í lögum og öðrum réttarheimildum. Dómari verður einnig að leysa úr málum í samræmi við þá þekkingu sem til er á hverjum tíma og aðrar almennar viðmiðanir sem dómstólarnir og aðrir hafa átt þátt í að móta og gilda um meðferð og úrlausnir á réttarágreiningi. Dómari verður einnig að gæta samræmis við meðferð og í úrlausnum dómsmála. Með því er virt sú grundvallarregla að allir séu jafnir fyrir lögum eins og 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um, sbr. 1. mgr. 3. gr. stjórnarskipunarlaganna nr. 97/1995. Sjálfstæði dómara þýðir þess vegna ekki að dómari geti með réttu látið eigin sjónarmið, sem ekki eru í samræmi við hefðbundnar og viðurkenndar lögfræðilegar aðferðir, eða eru byggð á geðþótta, persónulegum skoðunum, tilfinningum, fordómum eða hugsanavillum hafa áhrif á niðurstöður í dómsmálum. Geri hann það kynni slíkt að vekja réttmætar spurningar um hlutleysi hans.

Dómari verður sjálfur að gæta að eigin hlutleysi. Hann verður að gæta þess að fara ekki með mál ef hann er vanhæfur samkvæmt lögum til að fara með það, en vanhæfisreglur eru í 5. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem gilda einnig um opinber mál, eins og fram kemur í 6. gr. laga um meðferð

opinberra mála nr. 19/1991. Slíkar reglur geta þó engan veginn verið tæmandi um öll þau tilvik sem reynt getur á varðandi hlutleysið og verndun þess. Öðrum reglum, sjónarmiðum og viðmiðunum er einnig ætlað að þjóna þeim markmiðum að vernda hlutleysi dómara þótt vandasamt kunni að vera að tryggja það fyllilega þannig að aldrei leiki nokkru sinni vafi á hlutleysinu. Markmiðið er engu að síður að dómari sé ávallt alveg hlutlaus við meðferð og úrlausn hvers máls sem hann fer með.

Gera verður þá kröfu að dómari láti aldrei undan utanáðkomandi þrýstingi, enda er reglum um sjálfstæða og óháða dómara og ýmsum öðrum reglum ætlað að koma í veg fyrir það. Dómari ætti því í raun að vera sem minnst háður öðrum, en með því móti ætti að vera minni hætta en ella á að hann verði fyrir slíkum áhrifum. Mikilvægt er til dæmis talið að dómari sé fjárhagslega sjálfstæður. Þar er meðal annars átt við að hann hafi góð laun þannig að hann sé ekki háður því að þurfa að afla sér fjár á öðrum vettvangi. Í 1. mgr. 26. gr. laga um dómstóla segir að dómara sé óheimilt að taka að sér starf eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki ef slíkt fær ekki samrýmst stöðu hans eða leiði af sér hættu á að hann geti ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi. Nefnd um dómarastörf, sem dómsmálaráðherra skipar samkvæmt 2. mgr. 23. gr. sömu laga, getur með rökstuddri ákvörðun meinað dómara að gegna aukastarfi eða eiga hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki og er dómara skylt að hlíta slíku banni, sbr. 4. mgr. 26. gr. laganna. Samkvæmt 2. og 3. mgr. lagagreinarinnar setur nefndin almennar reglur um hvers konar aukastörf geti samrýmst embættisstörfum dómara og að hvaða marki sé samrýmanlegt embætti dómara að hann eigi hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki.⁵ Dómara ber að tilkynna nefndinni um aukastarf áður en hann tekur við því

og um hlut, sem hann eignast í félagi eða atvinnufyrirtæki, sbr. sömu lagaákvæði. Einnig kemur þar fram að sé ekki getið um heimild til að gegna starfi eða til að eiga hlut í félagi í almennum reglum nefndarinnar skuli dómari leita fyrir fram leyfis hennar til þess. Seti í nefndum og ráðum á vegum framkvæmdarvaldsins getur teft hlutleysi dómara í tvísýnu vegna þess að dómari væri þá ekki nægilega aðgreindur og aðgreinilegur frá því, en það þarf dómari að vera vegna eftirlitshlutverksins sem dómsvaldið hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu, sem áður er lýst.

Einnig er mjög mikilvægt að dómari njóti starfsöryggis enda er mælt svo fyrir í 61. gr. stjórnarskrárinnar að dómara verði ekki vikið úr starfi nema með dómi og hann verður ekki heldur fluttur í annað embætti á móti vilja sínum nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þessum reglum er ætlað að vernda hlutleysi og sjálfstæði dómsvaldsins, en það þarf að gera með viðunandi hætti.

Dómstólarnir verða að njóta trausts en með því móti einu getur dómsvaldið uppfyllt þá meginskyldu að vera einn af hornsteinum réttarríkisins. Allir geta staðið frammi fyrir því að þurfa að sækja rétt sinn eða verja fyrir dómstólum. Þess vegna er mikilvægt að hver og einn geti með réttu treyst því að dómstólarnir uppfylli skyldurnar sem lagðar eru á þá sem sjálfstæðar og hlutlausar stofnanir í réttarríkinu. Ella geta vaknað efasemdir um að tryggt sé með viðhlítandi hætti að rétturinn ríki í þjóðfélaginu.

III. TAKMARKANIR Á DÓMSVALDINU

Samkvæmt kenningunni um þriggreiningu ríkisvaldsins er nauðsynlegt að deila valdinu þannig að það sé ekki allt á einni hendi. Verði

⁵ Reglur nr. 463/2000 um aukastörf héraðs- og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum. Stjórnartíðindi 2000 B, bls. 1135–1136.

það ekki gert er talin hætta á að valdið verði misnotað. Í kenningunni felst jafnframt að valdið þurfi að takmarka með öðru valdi. Ríkisvaldinu hefur af þessum ástæðum verið skipt í þrjá aðskilda þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald, sem hver um sig fer með ákveðinn valdþátt. Reglan um þriggreiningu valdsins byggist á því að hver hinna þriggja valdþátta sé sjálfstæður gagnvart hinum og að hver þeirra hafi jafnframt það hlutverk að takmarka vald hinna. Þannig fer dómvaldið með það hlutverk að takmarka löggjafarvald og framkvæmdarvald og hefur eftirlit með þeim þáttum ríkisvaldsins. Það gera dómstólarnir með því að dæma ekki eftir lögum sem fara í bága við stjórnarskrá og þeir dæma um embættistakmörk yfirvalda, eins og áður er komið fram.

Takmarkanir sem dómvaldið verður að hlíta eru meðal annarra þær að dómendur mega samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar einungis fara eftir lögum í öllum embættisverkum sínum. Það þýðir að þeir verða að leysa úr dómsmálum á þann hátt sem lög og aðrar réttarheimildir mæla fyrir um. Dómstólar verða því að gæta að réttri notkun réttarheimilda við úrlausnir dómsmála og niðurstöður þeirra verða að vera byggðar á viðeigandi lagasjónarmiðum, hefðum og lögskýringaradferðum, svo og öðrum viðmiðunum og aðferðum sem notaðar eru við úrlausnir á lögfræðilegum ágreiningsefnum þar sem samræmis hefur verið gætt. Úr dómsmálum er leyst á grundvelli lagareglna sem eiga við um úrlausnarefnið, en sakarefnið sem um ræðir hverju sinni ræðst af atvikum málsins og málsástæðum sem aðilarnir bera fyrir sig eins og réttarfarslög gera ráð fyrir. Málsmeðferðarreglur eru ákveðnar með lögum sem dómendur eru á sama hátt bundnir af. Skipun dómvaldsins verður samkvæmt 59. gr. stjórnarskrárinnar ekki ákveðin nema með lögum. Dómstólarnir eru einnig háðir fjárveitingum Alþingis en allur kostnaður af

starfsemi þeirra er greiddur af fé sem þeim er ákveðið með fjárlögum. Þannig er dómvaldið takmarkað af löggjafarvaldinu.

Dómvaldið sætir enn fremur takmörkunum af framkvæmdarvaldinu en samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um dómstóla skipar forseti Íslands hæstaréttardómara eftir tillögu dómsmálaráðherra. Héraðsdómarar eru skipaðir af dómsmálaráðherra samkvæmt 1. mgr. 12. gr. sömu laga. Það er því á ábyrgð framkvæmdarvaldsins að dómstólar séu skipaðir hæfum dómurum. Áður en skipað verður í dómaraembætti við Hæstarétt ber dómsmálaráðherra samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga um dómstóla að leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda til að gegna því. Umsögn Hæstaréttar er ekki bindandi nema á þann hátt að ekki má veita umsækjanda embættið ef fram kemur í umsögninni það álit að hann fullnægi ekki skilyrðum 5. eða 8. tl. 2. mgr. lagagreinarinnar. Skilyrðin eru að hann hafi hvorki gerst sekur um refsivert athæfi, sem telja megi svivirðilegt að almenningsáliti, né sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem dómara verði almennt að njóta og að hann teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. sömu laga skipar dómsmálaráðherra þrjá menn í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Formaður nefndarinnar er tilnefndur af Hæstarétti, annan nefndarmann tilnefnir Dómarafélag Íslands úr röðum héraðsdómara og Lögmannafélag Íslands tilnefnir þann þriðja úr hópi starfandi lögmanna. Nefndinni ber samkvæmt 4. mgr. sömu lagagreinar að láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Reglur sem gilda um störf nefndarinnar eru nr. 693/1999 en samkvæmt 3. mgr. 7. gr. þeirra er dómsmálaráðherra ekki bundinn af umsögnum nefndarinnar.⁶ Þar sem umsagnir Hæstaréttar og dómnefndarinnar eru ekki

bindandi fyrir framkvæmdarvaldið dregur það úr vægi þeirra og þar með úr áhrifum dómvaldsins á ákvarðanir um val á dómara í embætti þótt tilgangurinn með því að leita umsagna sé meðal annars sá að efla sjálfstæði dómvaldsins.

Þar sem lög eru almenn og eiga því að gilda á sama hátt um alla, sem eins er ástætt um, leiða sambærileg málsatvik til sömu lagalegu niðurstöðu. Þetta gildir óháð því hver dómari er sem fer með málið eða hverjir málsaðilarnir eru. Þess vegna er mikilvægt að dómari beiti almennum viðmiðunum við úrlausnir dómsmála en ekki einstaklingsbundnum. Dómarar ákveða til dæmis ekki refsingar og meta ekki sönnunargögn eftir tilviljunum eða duttlungum. Mælikvarðarnir sem þeir nota eru mótaðir á löngum tíma og sóttir til viðhorfa meðal lögfræðinga sem menntun og starfsreynsla hafa mótað. Þótt dómara hafi mismunandi viðhorf er að því stefnt að persónuleg viðhorf ráði ekki ferðinni.⁷

Sambærilegar athugasemdir hafa komið fram í umfjöllun um svokallað frjálst sönnunarmat dómara. Ekki megi skilja orðin „frjálst mat“ þannig að átt sé við einstaklingsbundna, lauslega og e.t.v. tilfinningamótaða handahófsákvörðun. Við matið beri að beita algerlega hlutlægu sjónarmiði og miða það við gögn málsins þannig að aðrir, sem til þekki, geti fallist á að matið sé rétt.⁸ Þótt sönnunarmat dómara sé frjálst má hann í dómi ekki byggja eingöngu á eigin tilfinningu eða hugmyndum. Niðurstaða hans verður að vera grundvölluð á hlutlægu mati á gögnum málsins. Aðrir en dómari eiga að geta komist að sömu niðurstöðu með því að byggja á því sem fyrir liggur og beita skynsamlegri röksemdafærslu.⁹ Með slíkum almennum viðmiðunum reyna dómstólar að tryggja samræmi í úrlausnum,

sem helgast meðal annars af reglunni um að allir skuli vera jafnir fyrir lögnum, eins og áður er komið fram. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 14. gr. laga um dómstóla hefur Dómstólaráð það hlutverk að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla, en ráðið getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmála að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni, sbr. 1. mgr. 24. gr. laganna. Dómstólaráð hefur sett slíkar reglur, svo sem viðmiðunarreglur um ákvörðun málsvarnarlauna, þóknunar verjenda og réttargæslumanna og ferðakostnaðar.¹⁰ Reglum Dómstólaráðs er ætlað að tryggja samræmi í ákvörðunum sem þær ná til.

Með reglunni um að dóma þurfi að rökstyðja, sbr. f liður 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð einkamála og 1. mgr. 135. gr. laga um meðferð opinberra mála, er ætlast til þess að unnt verði að sjá hvernig niðurstaðan hefur verið fengin, að lög hafi ráðið henni og að óhlutdrægni og jafnræðis hafi verið gætt. Óhlutdrægni dómara felst í því að hann láti ekki persónulega afstöðu ráða niðurstöðu sinni í málinu. Hann þarf því að geta greint á milli eigin viðhorfa og almennra viðmiðana þegar þetta tvennt fer ekki saman.

IV. DÓMARASTARFIÐ

Í lögum um dómstóla eru skyldur dómara skilgreindar. Þar segir í 2. mgr. 24. gr. að dómara sé skylt að ljúka á eðlilegum tíma þeim málum sem hann fær úthlutað til meðferðar og rækja störf sín af alúð og samviskusemi. Dómurum ber samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinari að leitast við að halda við þekkingu sinni í lögum. Enn fremur segir þar að þeim skuli eftir föngum gefinn kostur á leyfi og stuðningi til endurmenntunar. Vinna dómarsins felst í því að afgreiða mál sem

⁷ Þór Vilhjálmsson: *Staða Hæstaréttar í stjórnskipuninni*. Tímarit lögfræðinga 1. hefti 1995, bls. 45.

⁸ Einar Arnórsson og Theodór B. Lindal: *Réttarfar II*. *Meginreglur um meðferð einkamála*, bls. 188. Reykjavík 1968-1969.

⁹ Bogi Nilsson: *Um sönnunargögn og sönnunarfærslu í sakamálu*. Úlfjótur 4. tbl. 1991, bls. 343.

¹⁰ Sjá Tilkynningu Dómstólaráðs nr. 1/2005 frá 11. mars 2005.

honum er úthlutað, en dómstjóri úthlutar málum samkvæmt 5. mgr. 16. gr. laga um dómstóla. Einkamálum er venjulega úthlutað eftir að greinargerð varnaðila hefur verið lögð fram, en sakamálum þegar ákæra hefur verið gefin út og hún hefur borist dómnum til meðferðar. Um rekstur þessara mála gilda annars vegar lög um meðferð einkamála og hins vegar lög um meðferð opinberra mála.

Dómariboðartilþinghalda þarsemákvarðanir eru teknar um málareksturinn. Eftir að gagnaöflun og munnlegum málflutningi er lokið er mál dómtekið og dómarans biður það verk að semja dóm. Það má því segja að meginþættirnir í dómastarfinu séu að stjórna þinghöldum og að semja dóma. Nauðsynlegt er því að dómari hafi góð skil á réttarfari. Dómari sem hefur ánægju af réttarfari, þinghöldum og dómasamningu hlýtur þess vegna að vera í draumastarfinu.

Dómari gæti þess að leysa úr máli á þeim grundvelli sem það er lagt fyrir hann. Hann má ekki byggja niðurstöðuna á öðru en því sem fram kemur í gögnum málsins og hann má ekki fara út fyrir kröfur og málsástæður sem málalíbúnaður aðilanna er reistur á. Í réttarfarslögum eru ýmis önnur fyrirsmáli um dómasamninguna.

Samkvæmt 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð einkamála ber dómara að semja skriflegan dóm í einkamáli ef mál er ekki fellt niður eða því vísað frá dómi eða lokið með sátt eða áritun. Í lagaákvæðinu segir að forsendur skuli fylgja dómsorðinu og þar eru enn fremur fyrirsmáli um hvað skuli koma fram í dómnum og forsendum hans. Dómari þarf að tilgreina kröfur málsaðila og honum ber að semja stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því svo og að greina frá helstu málsástæðum aðila og réttarheimildum sem þeir byggja á. Í góðri dómasamningu felst því að skýra skilmerkilega frá því hver ágreiningsefnin eru í málinu og eftir atvikum hvað er óumdeilt í því. Dómaramanum ber einnig að semja rökstudda niðurstöðu um sönnunaratriði og lagaatriði. Í 3. mgr. sömu

lagagreinar segir að dómari skuli vera stuttur og glöggur.

Í sakamálum, öðrum en játningarmálum þar sem dæmt er samkvæmt skýlausri játningu ákærða, ber dómara að greina frá sakarefninu í dómi, lýsa málsatvikum í aðalatriðum og röksemdum dómara um niðurstöðu og viðurlög eins og fram kemur í 1. mgr. 135. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1994. Þar segir enn fremur að í röksemdum dómara skuli koma skýrlega fram hvað hann telji sannað í máli og með hverjum hætti.

Þessum lagafyrirmælum þarf dómari að fylgja nokkuð nákvæmlega, ella er hættu á að héraðsdómur verði ómerktur í Hæstarétti og máli vísað heim í hérað til lögleggar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Stundum er þó látið nægja að finna að því að dómasamningunni hafi verið áfátt.

Þegar dómari greinir frá sakarefninu, málsatvikum og ágreiningsefnum í dómi þarf hann að gæta þess að gera það af hlutleysi. Rangfærslur eða ónákvæmni í þessari lýsingu getur valdið efasemdum um að dómari hafi gengið út frá réttum forsendum við ákvörðun á niðurstöðunni. Slíkt gæti jafnvel gefið til kynna að dómari hafi misskilið mikilvæg atriði málsins eða honum hafi láðst að gæta jafnræðis með málsaðilum og með því hafi hlutleysis ekki verið gætt. Atvikalýsinguna þarf því að semja af nákvæmni, vandvirkni og kunnáttu.

Við málavaxtalýsinguna þarf dómari að meta og ákveða hvað af því sem fram hefur komið hafi lagalega þýðingu. Hann þarf að gera grein fyrir því hver hin lögfræðilegu álitæfni eru og hvað skiptir máli fyrir þann lögfræðilega ágreining sem um ræðir hverju sinni. Dómari þarf að greina aðalatriði frá aukaatriðum, setja það sem skiptir máli í rökrétt samhengi og greina hver tengslin eru milli þess sem sett er fram. Í Hæstaréttardómi 27. febrúar 2003 í máli nr. 462/2002 segir að það sé aðfinnsluvert hversu málavaxtalýsing héraðsdóms sé brotkennd og

ófullkomin, þótt ýmislegt sem þar skorti sé nefnt í umfjöllun um málsástæður aðila og niðurstöðukafla dómsins. Af þessu má sjá hve mikilvægt er að vanda til dómasamningarinnar um málsatvikin og að þar komi allt skilmerkilega fram eins og til er ætlast. Hins vegar verður jafnframt að gæta þess að ekki verði um óþarfa endurtekningar að ræða. Dómasamningin getur því verið vandasant verk og hún krefst kunnáttu og hæfileika af dómáranum.

Ávallt er mikilvægt að semja dóm þannig að framkomimeðskýrum og greinargóðum hætti hverjar forsendurnar eru fyrir niðurstöðunni. Þess vegna þurfa tengslin milli forsendna og niðurstöðu að koma fram. Með því verður unnt að sjá hvernig niðurstaðan var fengin svo og hver rökhugsunin er sem beitt hefur verið við að komast að niðurstöðu. Rökleiðsla má aldrei brjóta gegn almennum lögmálum um rökrétta hugsun. Til þess að þetta verði unnt verður málið að vera lagt fyrir með nægilega skýrum hætti. Í dómi Hæstaréttar 24. janúar 2002 í máli nr. 230/2001 kemur fram að héraðsdómara hefði verið rétt að vísa máli frá dómi vegna verulegra annmarka á reifun málsins af hálfu stefnanda, en málið hafi engan veginn verið hæft til efnisdóms þegar það var dómtekið í héraði. Rakið er í dómi Hæstaréttar í hverju dómasamningunni var áfátt og talið að eins og dómurinn sé úr garði gerður hafi í verulegum atriðum verið brotið gegn ákvæðum l. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991. Var dómurinn ómerktur og málinu vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.¹¹

Við sönnunarmatið er mikilvægt að fram komi afstaða dómsins til þess sem máli skiptir fyrir úrlausnina. Dómari þarf að taka afstöðu til þess hvað telst sannað og hve traust það er sem fram hefur komið, til dæmis hvað hafi komið fram sem bendi til að því megi treysta, hvað styðji það og hvað dragi úr því. Meta þarf framburði ákærða og vitna og hversu

trúverðugir þeir eru. Þetta verður dómari sjálfur að meta en málsaðilum er óheimilt að leggja fram í dómi sérfræðiálit um mat á trúverðugleika vitnisburðar. Því var hafnað með dómi Hæstaréttar 23. janúar 2002 í máli nr. 31/2002 að ákærði fengi að leggja fram slíkt sérfræðiálit.¹²

Dómari þarf að leggja mat á misræmi í gögnum. Mikilvægt er einnig að hann leggi heildarmat á það sem fram hefur komið og byggji niðurstöðuna á því. Með dómi Hæstaréttar 5. október 2000 í máli nr. 198/2000 var héraðsdómur ómerktur og máli vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju, en meirihluti dómenda í fjölskipuðum héraðsdómi hafði sýknað ákærða af kynferðisbrotum sem hann var ákærður fyrir að hafa framið gegn dreng. Ákærði hafði við skýrslutöku hjá lögreglu viðurkennt tiltekna háttsemi gagnvart drengnum, en þá játningu dró hann til baka við meðferð málsins fyrir dómi og gaf tilteknar skýringar á því. Sýkna héraðsdóms var meðal annars byggð á því að ekki þótti unnt að byggja sakfellingu á framburði ákærða fyrir lögreglu. Hæstiréttur taldi að héraðsdómi hefði verið rétt í heildarmati sínu á trúverðugleika og sönnunargildi framburðar ákærða fyrir dómi að líta til fyrri framburðar hans og skýringa á fráhrarfi frá honum. Auk þess þótti Hæstarétti niðurstaða héraðsdóms um sönnunargildi munnlegs framburðar ekki nægilega skýr og ótvíræð og að samningu dómsins hefði verið áfátt að því leyti, sbr. l. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1994. Óhjákvæmilegt þótti því að ómerkja héraðsdóminn.¹³

Með Hæstaréttardómi 27. september 2001 í máli nr. 159/2001 var héraðsdómur einnig ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju. Þar var meðal annars vísað til þess að röksemdafærslu héraðsdómsins væri

¹¹ Hæstaréttardómar 2002, bls. 187–188.

¹² Hæstaréttardómar 2002, bls. 115–116.

¹³ Hæstaréttardómar 2000, bls. 3021–3022.

áfátt þar sem ekkert hefði verið fjallað um mótmæli ákærða gegn sakarefnum sem á hann væru borin og því engin afstaða tekin til framburðar hans. Sama gilti um síðasta framburð brotaþola. Jafnframt þótti skorta á að afstaða hefði verið tekin til trúverðugleika framburða almennt. Í dóminum segir að í málinu ráðist sök mjög af heildarmati á sönnunargildi skýrslna ákærða og vitna og af gögnum sem um skýrslurnar fjalli. Niðurstáða héraðsdóms um sönnunargildi munnlegs framburðar þótti ekki nægilega skýr og ótvíræð og hafi samningu dómsins verið áfátt að því leyti.¹⁴

Þegar leyst er úr dómsmálum þarf að gera það á grundvelli lögfræðilegrar þekkingar, menntunar og reynslu. Það þarf einnig að gera af innsæi og þekkingu á mannlegri hegðun í samræmi við heilbrigða skynsemi, rök hugsun og eðlilega dómgreind. Sönnunarmat í dómsmáli er oft einmitt háð þessu. Það er því styrkur fyrir dómara að hafa nægilega þekkingu á því sem skiptir máli til að geta tekið rökrétta afstöðu til þeirra atriða sem niðurstáðan er byggð á. Af þessu sést að úrlausnir dómara eru oft byggðar á öðru en hreinum lögfræðilegum atriðum.

Mat á ákvörðun refsingar getur reynst vandasamt enda þarf oft að taka tillit til margra ólíkra þátta, sem geta haft áhrif með mismunandi hætti, allt eftir því um hvað er að ræða hverju sinni. Fyrir kemur að slíkar ákvarðanir sæta harðri gagnrýni. Oft beinist hún að því að refsing hafi ekki verið ákveðin nægilega þung eða ekki hafi verið gætt samræmis milli refsingar annars vegar og brotsins eða alvarleika þess hins vegar, t.d. að refsimatíð bendi ekki til að líkamsmeiðing hafi verið metin sem alvarlegt brot. Í 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir hvað skuli miða við þegar refsing er ákveðin. Samkvæmt lagagreininni þarf dómari að meta hversu mikilvægt það er, sem brotið

hefur beinst gegn, hve yfirgripsmiklu tjóni það hefur valdið, hversu mikil hætta var búin af verkinu, einkum þegar litið er til þess hvenær, hvar og hvernig það var framkvæmt, hvernig hegðun brotamanns hafi verið að undanfögnu, hversu styrkur og einbeittur vilji hans hafi verið, hvað honum hafi gengið til verksins og hvernig framferði hans hafi verið eftir verknaðinn. Við ákvörðun refsingar getur ráðið úrslitum hvernig þessi atriði eru metin. Við refsíákvörðun ber dómara að virða dómaframkvæmdina enda ber að gæta samræmis í úrlausnum þannig að fyrir sambærileg brot verði refsing ákveðin á sambærilegan hátt í þeim tilgangi að tryggja jafnræði. Þrátt fyrir þetta eru margvísleg matsatriði sem hafa áhrif á refsíákvörðun en matið á því sem skiptir máli getur verið flókið og háð þekkingu dómara á margvíslegum þáttum og mati hans á þeim. Staðlaðar refsingar leysa því ekki nema að takmörkuðu leyti úr þessu og lagareglurnar, sem hér að framan er vísað til, leysa heldur ekki úr því þar sem beita þarf túlkunum og skilgreina hugtök, sem þar eru notuð, en slíkt er oft háð vandasömu mati. Ávallt verður þó að gera ráð fyrir því að rökrétt tengsl verði að vera milli alvarleika brotsins og þyngdar refsingar þótt önnur atriði þurfi að hafa þar jafnframt til viðmiðunar, en með því verða forsendurnar fyrir niðurstöðunni oft óljósari. Gagnrýni á refsíákvörðun dómara getur af þessum sökum verið ómarkviss.

Í ýmsum tilvikum er augljóst hvað hefur haft áhrif á refsihæðina, t.d. þegar dæmdar eru þungar refsingar fyrir innflutning á miklu magni af hættulegum fíkniefnum, en notkun og neysla þeirra getur stefnt lífi og heilsu fjölda einstaklinga í mjög mikla og alvarlega hættu. Eðlilega hljóta dómstólar að taka tillit til þess við refsíákvörðun hversu mikil hætta fylgir slíkum verknaði. Þeir hljóta einnig að telja líf og heilsu fjölda fólks til mikilvægra

hagsmuna.¹⁵ Innflutningur á fikniefnum krefst auk þess undirbúnings og skipulagningar og hlýtur þess vegna að bera vott um einbeittan brotavilja. Í öðrum tilvikum er þetta ekki eins augljóst. Þar getur verið um að ræða hagsmuni eða hættur sem mjög erfitt er að meta, t.d. líkamsmeiðingar, lífsháska, frelsissviptingu eða þjáningar sem ekki verða metnar til fjár á sama hátt og þegar málið snýst um ákveðin fjárhagsleg verðmæti eða tiltekið magn af hættulegum efnum. Einkum geta erfiðleikar við refsímatíð sprottið af því að dómarrar hafa engin ákveðin eða áþreifanleg atriði til að miða við. Stundum vantar sönnunargögn eða upplýsingar skortir. Í því sambandi er þó mikilvægt að dómarrar gæti þess að beita ekki einstaklingsbundnu mati sem fær ekki stöð í almennum viðmiðunum. Matíð þarf að vera sem mest í samræmi við almenn viðhorf.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 2001 var sakfelld fyrir nauðgun og líkamsmeiðingar auk annarra brota sem framin voru síðar, en þau brot beindust að mun minni hagsmunum. Brotaþoli var 17 ára gömul stúlka. Í dómnum kemur meðal annars fram að stúlkan hafi verið mjög illa útleikin þegar hún kom á neyðarmóttöku eftir árásina samkvæmt framburði hjúkrunarfræðings fyrir dómnum. Andlitið hafi verið mjög bólgið og augun sokkin, en áverkarnir hafi verið svo miklir að þetta hafi verið eitt hrikalegasta tilvik sem vitnið hafi séð á neyðarmóttökunni. Sálfræðingur sem hafi annast stúlkuna eftir atvikið hafi skýrt svo frá fyrir dómnum að andleg líðan stúlkunnar hafi verið mjög slæm eftir atvikið. Hún hafi átt í erfiðleikum með svefn auk þess að fá þrálátar og erfiðar martraðir. Hún hafi verið mjög órugg og átt erfitt með að fara út á meðal fólks. Hún

þurfi augljóslega á frekari meðferð að halda og líklegt sé að atvikið komi til með að valda varanlegu sári í sálarlífi hennar. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að ákærði átti langan sakarferil að baki. Frá árinu 1992 hafði hann hlotið 20 refsíðoma fyrir ýmiss konar afbrot en óskilorðsbundin refsivist nam meira en sjö ára fangelsi. Í dóminum segir enn fremur að til refsíþyngingar beri að líta til þess að atлага ákærða hafi verið mjög hrottafengin, staðið lengi yfir og hafi brotaþoli talið sig um tíma í lífshættu. Að mati dómsins séu engin atriði fram komin sem virða beri ákærða til málsbóta og var refsing ákveðin þriggja ára fangelsi.

Ákvörðun refsingar hlýtur í þessu tilviki að hafa meðal annars verið háð því hvernig hagsmunirnir voru metnir sem brotin beindust gegn. Þar hefur augljóslega verið um vandasamt mat að ræða, sem ekki verður nema að takmörkuðu leyti stutt lagalegum rökum eða almennum viðmiðunum, enda er vandamálið og hagsmunamatíð ekki lagalegs eðlis. Líf, heilsu, frelsi og friðhelgi fórnarlambins er erfitt að meta. Almennar viðmiðanir um slíkt hagsmunamat eru oft óljósar, enda eru þær ekki fastmótaðar. Þær gætu verið háðar ólíku gildismati eða einstaklingsbundinni afstöðu. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem þyngdi refsinguna í fjögurra ára og sex mánaða fangelsi eins og fram kemur í dómi réttarins 13. desember 2001 í máli nr. 290/2001. Þar segir að með langvinnri atlögu ákærða að stúlkunni, sem einungis hafi verið 17 ára gömul, hafi hún verið svipt kynfrelsi sínu á svívirðilegan hátt. Hún hafi hlotið af henni stórfellda líkamlega áverka og ekki síður andlegt áfall, sem hafi reynst henni erfitt viðfangs og þungbært. Jafnframt verði að telja að stúlkunni hafi verið verulegur

15 Í Hæstaréttardómum 1997 er á bls. 329 vísað til greinargerðar dr. Þorkels Jóhannessonar, yfirmanns Rannsóknarstofu í lyfjafræði, 22. febrúar 1996 til lögreglu. Þar kemur fram að efni í ecstasy-töflum hafi mjög flókna verkun og sé efnið greinilega hættulegri vímuegja en bæði amfetamín og lýsergjó. Ef efnið breiðist út hér á landi sé viðbúið að það leiði af sér fleiri bráð eitrunartilfelli en

þekkt eftir amfetamín eða lýsergjó og mörg dauðsföll að auki. Við bætist að efnið geti valdið langvarandi truflunum í starfsemi miðtaugakerfisins. Samkvæmt þessu sé efnið einn vafasamasti, ef ekki langvafasamasti, vímuegjaframt sem skotið hafi upp kollinum á fikniefnamarkaði hér á landi. Dómur Hæstaréttar 30. janúar 1997 í máli nr. 470/1996.

háski búinn á meðan á aðförinni stóð. Rúmri viku eftir atburðina hafi ákærði haft sjö sinnum í alvarlegum hótunum við stúlkuna með SMS-skilaboðum um ofbeldi í hennar garð og nánustu ættingja hennar og hafi hann hlotið fyrir það lögregluáminningu. Ákærði eigi sér engar málsbætur og hann eigi langan sakarferil að baki.¹⁶

Þótt dómari verði að byggja dómsúrlausnir á lögum og öðrum réttarheimildum og sé auk þess bundinn af lagafyrirmælum um að leysa úr hverju máli á þeim grundvelli sem það er lagt fyrir hann getur dómari þó haft áhrif með ýmsu móti á það hvernig dómur er lagður á málið. Dómari verður til dæmis að ákveða innan lögbundinna marka hvað skiptir máli fyrir hina lagalegu úrlausn og á hvern hátt. Hann þarf að meta atvikin í hverju máli og setja þau í lögfræðilegt samhengi. Hann þarf því að ákveða á hvern hátt þau hafi þýðingu og hvernig lagareglum verði beitt á þau. Stundum geta fleiri en ein lagaregla átt við um úrlausnarefnið eða jafnvel að engin lagaregla finnist sem geti átt við. Sama má segja um það sem fram kemur í sönnunargögnum en þar geta verið misvísandi upplýsingar eða þær eru ófullnægjandi. Það kemur þá í hlut dómans að meta hvernig það hafi áhrif á úrlausnina. Mörkin milli þess sem dómari er bundinn af samkvæmt lögum annars vegar og þess sem hann verður að byggja á eigin mati geta því verið óljós.

Til þess að vera fær um að leysa úr þessu þarf dómari að vera góður lögfræðingur. Hann þarf að geta greitt úr því hver hin lögfræðilegu álitæfni eru og jafnframt þarf hann að greina hvað hefur grundvallarþýðingu í málinu og hvað skiptir minna máli eða jafnvel engu. Lögfræðipækkingin ein nægir þó ekki alltaf. Margt af því sem á reynir í dómastarfinu lærist til dæmis ekki endilega í skólum eða af lögfræðibókum. Þegar reynir á sérfræðileg atriði sem dómara hafa almennt ekki þekkingu til að meta á dómari þess kost

að kalla til tvo sérfróða meðdómsmenn, en það getur hann gert þegar hann telur að sérkunnáttu þurfi til að leysa úr máli, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um meðferð einkamála og 2. mgr. 5. gr. laga um meðferð opinberra mála. Samkvæmt þessum lagareglum er það háð mati dómans hvort þörf er fyrir sérfróða meðdómsmenn. Þegar það á við fara þeir með dómsvaldið ásamt dómsformanninum, en sérþekkingu þeirra er ætlað að hafa þau áhrif að matið, sem leggja þarf á málið, verði sem réttast.

V. ÍMYND DÓMARANS

Þar sem tilvist dómstólanna er mikilvæg forsenda fyrir því að rétturinn ríki er nauðsynlegt að dómara kunnir vel til verka og sinni starfinu af fagmennsku, vandvirkni og þekkingu. Dómari þarf að geta leyst úr málum sem réttilega eru lögð fyrir hann eftir því sem lög mæla fyrir um og í samræmi við hefðbundnar aðferðir sem notaðar eru við úrlausnir lögfræðilegra álitæfna. Til þess að vera fær um það þarf dómari að hlusta vel á það sem málsaðilar hafa fram að færa og hann þarf að geta greint á milli þess hvað af því hafi þýðingu fyrir hina lögfræðilegu úrlausn og hvað ekki. Dómur á að endurspeglar að dómari hafi skilið málið rétt og að hann hafi lagt rétt mat á mikilvæg atriði þess. Dómari þarf að skera úr um það hvað af umdeildum málsatvikum telst sannað svo og hvort og hvers vegna þau verði færð undir ákveðna lagareglu eða lagareglur. Haldgöð lögfræðipækking er því nauðsynleg til að dómara sé fært að gegna starfinu með viðunandi hætti. Jafnframt er mikilvægt að dómari líti hlutlaust á málið. Hann má því ekki vera háður þeim sem tengjast málinu þar sem hætta getur verið á að það hafi óeðlileg áhrif á afstöðu hans til þeirra atriða sem hann þarf að leysa úr. Þar sem dómara leysa úr ágreiningu um embættistakmörk yfirvalda

er mikilvægt að dómari sé aðgreindur og aðgreinanlegur frá hagsmunaaðilum í samfélaginu og algerlega óháður pólitískum valdhöfum. Einnig er mikilvægt, einkum vegna þess hve oft tengsl manna í íslensku samfélagi eru meiri en almennt gerist í stærri þjóðfélögum, að dómari gæti þess að vikja sæti í málum ef vafi leikur á hlutleysi hans vegna tengsla við menn eða málefni. Traust almennings til dómstóla hlýtur að vera háð því að ljóst sé að hver og einn dómari hafi verið valinn til starfans vegna hæfileika til að gegna honum og að ekki verði bornar nokkrar brigður á hlutleysi hans. Hafi þessa ekki verið gætt við val á dómara í embætti getur sú hætta skapast að ímynd dómarsins bíði hnekki.

Traust hins almenna borgara til dómstólanna getur verið erfitt að mæla. Hann hlýtur þó að krefjast þess að dómara vinni störf sín af heiðarleika, samviskusemi, áreiðanleika og skilvirkni. Niðurstöður í dómsmálum eiga ekki að ráðast af tilviljunum eða duttlungum dómara. Þekking á dómara starfinu og þeim skyldum sem því fylgja er hins vegar nauðsynleg til að unnt verði að meta hvort störf dómara eru vel eða illa unnin. Þar sem dómari er bundinn af lögum í öllum verkum sínum, lagalegum hefðum og af því að gæta samræmis í úrlausnum á dómur eða önnur úrlausn dómara að vera staðfesting á að alls þessa hafi hann gætt. Einnig er dómari bundinn af málatilbúnaði aðila og þar með því hvernig mál hefur verið lagt fyrir dóminn. Í sumum tilvikum er það alls ekki gert með fullnægjandi hætti og getur það haft þau áhrif að máli þurfi að vísa frá dómi eða lagður verði dómur á það sem gæti orðið fordæmisgefandi, þótt mikilvæg atriði hafi skort í málatilbúnaðinn. Óheppileg eða vanhugsuð lagasetning getur haft þau áhrif að niðurstaða dóms virðist örökrétt eða ranglát þrátt fyrir að það hafi ekkert með verk dómarsins að gera eða segi nokkuð til um að verkið hafi verið illa unnið eða af vanþekkingu. Ímynd dómarsins getur engu

síður beðið hnekki af þessu. Þess vegna er nauðsynlegt að hver og einn sé vel upplýstur um hinar raunverulegu dómarskyldur og mat hans á verkum dómarsins byggist ekki á fordómum eða öðrum álíka ranghugmyndum um skyldur dómara.

Þótt dómari sé þannig bundinn af lögum, almennum viðmiðunum um aðferðir við lögfræðilegar úrlausnir, hefðbundinni notkun réttarheimilda og málatilbúnaði málsaðila hefur hann í mörgum tilvikum heimild til að beita mati við úrlausn á ýmsum atriðum sem þar skipta máli. Mikilvægt er þá að hann beiti, eftir því sem unnt er, almennum viðmiðunum og eðlilegri rökhugsun sem aðrir geta fallist á að sé rétt. Öfgafullar skoðanir og viðmiðanir eiga því illa heima í dómsmálum. Dómari sem getur talist eðlileg og öfgalaus manneskja er að öllum öðrum skilyrðum uppfylltum almennt betur fallinn til dómara starfa en þeir sem ekki hafa þá eiginleika. Persónuleiki dómarsins getur því haft áhrif á hve góður dómari hann er og jafnvel metnaður hans til að gegna starfinu vel. Þessa þætti má ekki vanmeta þegar mat er lagt á það sem skiptir máli fyrir ímynd dómarsins.

Þegar dómari leitast við að finna lagaregluna sem á við gerir hann það meðal annars með því að meta atvikin sem liggja fyrir í málinu svo og hvort, hvenær og hvers vegna þau verða færð undir ákveðna lagareglu eða lagareglur. Þótt dómari sé bundinn af því að beita almennum viðmiðunum við mat á þessu verður hann í mörgum tilvikum að treysta á eigið innsæi, þekkingu og dómgreind. Þegar dómara tekst að leysa úr þessu og úrlausnin endurspeglar vönduð vinnubrögð, góða heildarsýn á málið, þekkingu á lagareglum sem við eiga og heilbriggt viðhorf til matsatriða sem á reynir ættu ekki að vera nokkrar efasemdir um að dómari hafi skilað hlutverki sínu vel.

Ásamt því að gegna mikilvægu hlutverki í réttarríkinu er dómstólunum jafnframt ætlað að standa vörð um lýðræðið. Lýðræði felst ekki í því að fjöldinn geti í krafti meiri hlutavalds ráðið lögum og lofum í landinu.

Raunverulegar varnir gegn slíku ofríki og ofstjórn verða að vera traustar. Ekki er gert ráð fyrir öðrum kosti í stjórnskipaninni en að dómstólarnir fari með það hlutverk. Þess vegna er mikilvægt að hinn almenni borgari geti treyst því að með dómsvaldið fari þeir sem mesta og besta hæfileika hafa til þess.

Ranghugmyndir hins almenna borgara um dómsvaldið og dómarastarfið eru til þess fallnar að skekkja eða jafnvel sverta að ósekju ímynd dómarsins. Með því draga þær úr trausti manna á dómstólunum og réttarríkinu og vekja efasemdir um að lýðræðið standi nægilega traustum fótum í þjóðfélaginu. Dómara starfinu þarf að gegna af fagmennsku, en hinn almenni borgari þarf að vera fær um að meta hvort slík krafa réttarríkisins hefur réttilega verið uppfyllt. Til þess að hann geti það þarf hann að vera vel upplýstur um skyldur dómarsins og raunverulegt hlutverk dómsvaldsins í réttarríkinu.

Reykjavík, 31. mars 2005.

Sigríður Ingvarsdóttir.